

**HEILBRIGÐISNEFND  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
83. fundur –29. nóvember 2004**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 29. nóvember 2004, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar minntist formaður, Sigurðar Geirdal bæjarstjóra í Kópavogi, sem lést á hjartadeild Landspítalans að morgni sunnudags 28. nóvember s.l, 65 ára að aldri. Heilbrigðisnefnd vottar aðstandendum og Kópavogsbúum hluttekningu sína.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

**1. Fundargerð 82. funda heilbrigðisnefndar**

Samþykkt.

**2. Fundargerð 70. starfsmannafundar frá 24. nóvember 2004**

**2.1 Starfsleyfi.**

**Álftanes**

**2.1.1 Miðskógar 22, Álftanesi - sambýli.**

Lögð fram að nýju umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Miðskógum 22, Álftanesi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

**Garðabær**

**2.1.2 Austurhraun 3, Garðabær - verslun með matvæli og snyrtivörur.**

Lögð fram umsókn Bjarna Vestmars Björnssonar, fh. B. Magnússon hf., kt. 581183-0119, dags. 11.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með matvæli og snyrtivörur að Austurhrauni 3, Garðabæ. Breyting á starfsemi. Um er að ræða leyfi til matvælasölu, til viðbótar við fyrra leyfi.

Með vísun til ákvæða matvælaeglugerðar er samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

**2.1.3 Skeiðarás 10, Garðabæ - bifreiðaverkstæði.**

Lögð fram umsókn Ólafs Guðmundssonar, fh. Bílstarts ehf., kt. 710804-3110, dags. 21.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Skeiðarási 10, Garðabæ. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 5 ára.

**2.1.4 Smiðsbúð 7, Garðabæ - málm-smiðja.**

Lögð fram umsókn Jóns V. Aðalsteinssonar, kt. 250353-4569, dags. 10.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málm-smiðju að Smiðsbúð 7, Garðabæ. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

## Hafnarfjörður

### 2.1.5 Blikaás 1, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Blikaási 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

### 2.1.6 Bæjarhraun 2, Hafnarfirði - hæfingarstöð.

Lögð fram umsókn Höllu H. Stefánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 02.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs endurhæfingar að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

### 2.1.7 Bæjarhraun 4, Hafnarfirði - gistiheimili.

Lögð fram umsókn Friðriks Arnar Jörgenssonar, fh. T-10 ehf., kt. 600204-3780, dags. 04.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 4 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

### 2.1.8 Dalshraun 9, Hafnarfirði - bílaleiga og bónstöð.

Lögð fram umsókn Björgvins V. Guðmundssonar, fh., BVG ehf. kt. 610404-3080, dags. 18.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílaleigu og bónstöðvar að Dalshrauni 9, Hafnarfirði. Eigendaskipti

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

### 2.1.9 Einiberg 29, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram að nýju umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Einibergi 29, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Frestað og óskað eftir að umsækjandi skili inn staðfestingu byggingafulltrúa um að útipottur og þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu frá upprunalegri teikningu, hafi hlotið samþykki.

### 2.1.10 Erluás 68, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram að nýju umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Erluási 68, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Frestað og óskað eftir að umsækjandi skili inn staðfestingu byggingafulltrúa um að þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu frá upprunalegri teikningu, hafi hlotið samþykki.

### 2.1.11 Fjarðargata 13-15, Hafnarfirði - ísbúð.

Lögð fram umsókn Sófusar Gústafssonar, fh. SG veitinga ehf, kt. 410693-2599, dags. 09.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs ísbúðar að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

### 2.1.12 Hólshraun 7, Hafnarfirði - málmsmiðja.

Lögð fram umsókn Stefáns P. Sveinssonar, kt. 021044-2889, dags. 17.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmiðju að Hólshrauni 7, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 10 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.13 Hraunvangur 7, Hafnarfirði - fótaaðgerðarstofa.

Lögð fram umsókn Elísabetar Rafnsdóttur, kt. 070463-3859, dags. 28.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðarstofu að Hraunvangi 7, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.14 Hraunvangur 7, Hafnarfirði - hjúkrunarheimili með sundlaug.

Lögð fram umsókn Kristjáns Sigurðssonar, fh. Hrafnistu, kt. 491177-0129, dags. 29.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjúkrunarheimilis með sundlaug að Hraunvangi 7, Hafnarfirði. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar og reglna um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.15 Hvaleyrarbraut 20, Hafnarfirði - verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni.

Lögð fram umsókn Jóns S. Magnússonar, fh. IV ehf., kt. 670489-1249, dags. 02.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni að Hvaleyrarbraut 20, Hafnarfirði. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.16 Lónsbraut 2, Hafnarfirði - málmsmiðja.

Lögð fram umsókn Bjarna G. Bjarnasonar, fh. Suðulist-Reisir ehf., kt. 521202-3350, dags. 19.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmiðju að Lónsbraut 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 10 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.17 Lækjargata 34b, Hafnarfirði - fiskbúð.

Lögð fram umsókn Sigurðar Garðarssonar, fh. Tómas & Sesselja ehf., kt. 511079-0559, dags. 09.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskbúðar að Lækjargötu 34b, Hafnarfirði. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.18 Óseyrarbraut 11, Hafnarfirði - fiskvinnsla, kæligeymsla og heitloftspurrkun fiskafurða

2.1.18.1 Fiskvinnsla og kæligeymsla.

Lögð fram umsókn Magnúsar Gylfasonar, fh. Svalpúfu ehf. kt. 711095-2259, dags. 22.11.2004 þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu og kæligeymslu að Óseyrarbraut 9-11, Hafnarfirði. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 10 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.18.2 Heitloftspurrkun fiskafurða.

Lögð fram að nýju umsókn Magnúsar Gylfasonar, fh. Svalpúfu ehf. kt. 711095-2259, dags. 13.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heitloftspurrkunar fiskafurða að Óseyrarbraut 11, Hafnarfirði. Endurnýjun. Einnig lögð fram afrit af bréfum til Svalpúfu og Hafnarfjarðarbæjar dags. 28.05.2004, bréf til Svalpúfu dags. 28.10.2004 og bréf frá Svalpúfu dags. 03.11.2004. Með vísun til ákvæða 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2004 vísar heilbrigðisnefnd frá umsókn um leyfi til reksturs heitloftspurrkunar þar sem hæfileg fjarlægð er ekki milli fyrirtækisins og nærliggjandi íbúðarhúsnæðis og fyrir liggur að starfsemin getur valdið verulegum óþægindum vegna lyktarmengunar.

2.1.19 Reykjavíkurvegur 70, Hafnarfirði - vélsmiðja.

Lögð fram umsókn Hjálta Jóhannessonar, fh. Vélaverkstæðis Jóhanns Ólafs ehf., kt. 690269-7679, dags. 24.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsemiðju að Reykjavíkurvegi 70, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 10 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykkt notkun fasteignar.

2.1.20 Skútahraun 5, Hafnarfirði - bílaverkstæði.

Lögð fram umsókn Edwards Ernstssonar, fh. Bílaverkstæðis Edda K. ehf., kt. 620300-2090, dags. 17.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílaverkstæðis að Skútahrauni 5, Hafnarfirði. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykkt notkun fasteignar.

2.1.21 Smárahvammur 3, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram að nýju umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Smárahvammi 3, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.22 Sólvangsvegur 2-3, Hafnarfirði - heilsugæslustöð.

Lögð fram umsókn Kristínar Pálsdóttur, fh. Heilsugæslustöðvarinnar Sólvangs, kt. 671289-1299, dags. 10.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsugæslustöðvar að Sólvangsvegi 2-3, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.23 Staðarberg 2-4, Hafnarfirði - fótaaðgerðarstofa með húðgötun.

Lögð fram umsókn Þórhöllu Ágústsdóttur, kt. 280366-4639, dags. 24.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðarstofu með húðgötun að Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi fyrir fótaaðgerðarstofu til 12 ára. Leyfi til húðgötunar er háð samþykki landlæknis.

2.1.24 Staðarberg 2-4, Hafnarfirði - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Bjarka Ágústssonar, fh. Tannlækninga ehf., kt. 680303-2660, dags. 10.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.25 Strandgata 50, Hafnarfirði - leikhús.

Lögð fram umsókn Hilmars Jónssonar, fh. Hafnarfjarðarleikhússins, kt. 490694-3319, dags. 15.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikhúss að Strandgötu 50, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykkt notkun fasteignar..

2.1.26 Svöluás 40, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram að nýju umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Svöluási 40, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.27 Svöluhraun 19, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram að nýju umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýli að Svöluhrauni 19, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Frestun og óskað eftir að umsækjandi skili inn staðfestingu byggingafulltrúa um að þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu frá upprunalegri teikningu, hafi hlotið samþykki.

**Kópavogur**

2.1.28 Akralind 1, Kópavogi - smurstöð.

Lögð fram umsókn Gunnars Atla Gunnarssonar, fh. Autolube ehf., kt. 560904-2820, dags. 10.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs smurstöðvar að Akralind 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára að lokinni úttekt á olíugildru.

2.1.29 Akralind 8, Kópavogi - snyrtistofa með húðgötun.

Lögð fram umsókn Guðlaugar Maríu Sigurðardóttur, fh. 9 mánaða ehf., kt. 600802-3130, dags. 19.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu með húðgötun að Akralind 8, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt fyrir snyrtistofu til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa. Leyfi til húðgötunar er háð því að fyrir liggja tilskilið samþykki landlæknis.

2.1.30 Bæjarlind 12, Kópavogi - læknastofa.

Lögð fram umsókn Guðmundar Arasonar, fh. IVF Iceland ehf., kt. 491101-2880, dags. 08.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs læknastofu að Bæjarlind 12, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.31 Bæjarlind 12, Kópavogi - heilsuræktarstöð.

Lögð fram umsókn Kolbrúnar Þórðardóttur, fh. Hjúkrunar og Heilsa ehf., kt. 470302-2590, dags. 04.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsuræktarstöðvar að Bæjarlind 12, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.32 Hagasmári 1, Kópavogi - bakarí, með veitingasölu.

Lögð fram umsókn Jóhannesar Felixsonar, fh. Hjá Jóa Fel ehf., kt. 501097-2099, dags. 29.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís með veitingasölu að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.33 Hagasmári 1, Kópavogi - matsölastaður.

Lögð fram umsókn Davíðs Hanssens, fh. Asían express ehf., kt. 431103-2810, dags. 16.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsölastaðar að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.34 Hagasmári 9, Kópavogi - bensínstöð með veitingasölu og sjálfvirk bílapvottastöð.

2.1.34.1 Bensínstöð með veitingasölu.

Lögð fram umsókn Sæmundar Árna Tómassonar, fh. Skeljungs hf., kt. 590269-1749, dags. 04.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bensínstöðvar með veitingasölu að Hagasmára 9, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- matvæla- og mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 10 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.34.2 Sjálfvirk bílaþvottastöð.

Lögð fram umsókn Sæmundar Árna Tómassonar, fh. Skeljungs hf., kt. 590269-1749, dags. 04.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjálfvirkrar bílaþvottastöðvar að Hagasmára 9, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 10 ára.

2.1.35 Hæðarsmári 6, Kópavogi - hárgreiðslustofa og verslun með fegrunar- og snyrtiefni.

Lögð fram umsókn Borghildar Gunnarsdóttur, kt. 260867-5479, fh. Mask ehf. Kt. 551004-3410, dags. 01.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu og verslunar með fegrunar- og snyrtiefni að Hæðarsmára 6, Kópavogi. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.36 Kársnesbraut 106, Kópavogi - bifreiðaréttingar.

Lögð fram umsókn Benedikts Pálssonar, kt. 080742-3209, dags. 09.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaréttinga að Kársnesbraut 106, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 5 ára.

2.1.37 Kópavogsbraut 81, Kópavogi - gisting í heimahúsi.

Lögð fram umsókn Sigurlaugar Guðmundsdóttur, kt. 130843-4769, dags. 25.10.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heimagistingar að Kópavogsbraut 81, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.38 Smáratorg 1, Kópavogi - skyndibitastaður.

Lögð fram umsókn Helindu Loh Akbar, fh. Food Station ehf., kt. 421104-2040, dags. 16.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar að Smáratorgi 1, Kópavogi. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.39 Smiðjuvegur 34, Kópavogi - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Baldurs Hlöðverssonar dags. 10.11.2004, fh. Bifreiðaverkstæðisins Jöfurs ehf., kt. 430492-2099, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Smiðjuvegi 34, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 5 ára.

2.1.40 Smiðjuvegur 68-72, Kópavogi - hjólbarðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Halldórs Skúlasonar dags. 10.11.2004, fh. Sólningar hf., kt. 700169-0149, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjólbarðaverkstæðis að Smiðjuvegi 68-72, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 5 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

## 2.2 Umsagnir.

### Hafnarfjörður

2.2.1 Ásvellir, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 03.11.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bjarna H. Geirssonar sem sækir um veitingaleyfi fyrir Haukahúsið, Ásvöllum, Hafnarfirði vegna árshátíðar sem fyrirhugað er að halda þar, 6. nóvember nk. Jákvæð umsögn staðfest.

## Kópavogur

### 2.2.2 Engihjalli 8, Kópavogi - vínveitingaleyfi.

Lagt fram bréf bæjarlögmannsins í Kópavogi, dags. 10.11.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þórhalls Maack, sem sækir um leyfi til áfengisveitinga í Riddaranum, Engihjalla 8, Kópavogi.

Jákvæð umsögn samþykkt með tilliti til svipmóts.

## 2.3 Annað.

### 2.3.1 Lögð fram drög að reglugerð um aflífun búfjár.

Lagt fram erindi nefndar dags. 17.11.2004 sem skipuð var af umhverfisráðherra árið 2003 og var falið að endurskoða eldri reglugerð um slátrun búfjár og semja drög að reglugerð um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum. Við endurskoðunina skyldi taka mið af reynslu liðinna ára og hliðstæðum reglum í löndum Evrópusambandsins. Heilbrigðiseftirlitinu falið að afgreiða erindið.

## 3. Eftirlit með atvinnustarfsemi

Lögð fram að nýju og rædd skýrsla Samtaka atvinnulífsins "Eftirlit með atvinnustarfsemi tillögur til úrbóta" maí 2004. Umræðu frestað til næsta fundar.

## 4. Geymsla á klórgasi og hreinlætisvöruverksmiðja

### 4.1 Starfsleyfisumsókn að Vesturvör 30C, Kópavogi

Lögð fram að nýju umsókn Hinriks Morthens, dags. 26. júlí 2004, þar sem sótt er um leyfi fyrir lager og klórframleiðslu að Vesturvör 30C, Kópavogi. Um er að ræða geymslu og vinnslu á klórgasi (Cl<sub>2</sub>) ásamt pökkun á klór (hypóklórít-NaClO).

Með vísun ákvæða 9. gr. reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun var óskað umsagnar Umhverfisstofnunar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Vinnueftirlits ríkisins og byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar. Fyrir liggja umsagnir frá Vinnueftirliti ríkisins dags. 16.8.2004 og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins dags. 30.8.2004, Umhverfisstofnun dags. 13.09.2004 og byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar dags. 22.09.2004.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd vísar umsókninni frá með vísun til 11. gr. reglugerðar nr. 785/1999 þar sem eftirfarandi þættir eru vanreifaðir:

1. Ófullnægjandi grein hefur verið gerð fyrir staðhættum á vinnustað sbr. erindi heilbrigðiseftirlitsins frá 29. september 2004.
2. Ekki hefur verið gerð grein fyrir að starfsemin samrýmist staðfestu deiliskipulagi og að mannvirki á lóðinni komi til með að fullnægja ákvæðum skipulags- og byggingalaga.
3. Staðfestingu vantar um að fullnægt hafi verið skilyrðum sbr. ákvæði reglugerðar nr. 263/1998 um hættumat í iðnaðarstarfsemi."

### 4.2 Flutningur og meðferð hættulegra efna

Rætt um aðkomu heilbrigðisnefndar við flutning og geymslu á hættulegum efnum.

Samþykkt að senda Umhverfisráðuneyti erindi og vekja athygli á nauðsyn endurskoðunar reglna varðandi meðferð hættulegra efna og flutning þeirra.

## 5. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs á Álftanesi

Lagt fram að nýju erindi frá sveitarfélaginu Álftanesi dags. 6. febrúar 2004, varðandi ný lög um meðhöndlun úrgangs og tilheyrandi reglugerðir.

Lögð fram tillaga að samþykkt um meðhöndlun úrgangs á Álftanes og samþykkt að vísa henni til meðferðar hjá bæjarstjórn.

## 6. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar og förgunar úrgangs á Álftanesi

Lagt fram erindi bæjarstjórnar á Álftanesi og með vísun til fundargerðar bæjarráðs þann 25. nóvember 2004 er lögð fram til umsagnar tillaga að gjaldskrá vegna förgunar og meðhöndlunar úrgangs á Álftanesi.

Eftirfarandi umsögn var gerð:

"Heilbrigðisnefnd telur umrædd gjaldskrá vera í samræmi við ákvæði 11. gr. laga nr. 55/2003 um úrgang og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir"

## **7. Fundargerð aðalfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða**

Lögð fram fundargerð aðalfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða frá 4. nóvember 2004.

## **8. Önnur mál**

### **8.1 Greinargerð um fækkun á sílamáfi**

Lögð fram skýrsla Gunnars Þórs Hallgrímssonar, líffræðings, um aðgerðir til fækkunar sílamáfs á Garðaholti og í Gálghrauni.

### **8.2 Samþykkt um kattahald á Álftanesi**

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar frá 15. nóvember 2004 varðandi staðfestingu á samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Álftanes.

### **8.3 Framkvæmd eftirlits með veitingastarfsemi**

Rætt um eftirlit og gerð umsagna með veitingastarfsemi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði, áfengislögum, tóbaksvarnalögum, matvælalögum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### **8.4 Framkvæmd vatnsverndar og stjórnun vatnsauðlindar á höfuðborgarsvæðinu**

Framhald umræðu frá fundi nefndarinnar þann 30. ágúst 2004.

Lagt fram afrit af erindi Kópavogsbæjar til Vegagerðarinnar frá 26. september 2004 sem sent var í framhaldi af erindi heilbrigðisnefndar. Einnig lagt fram afrit af erindi framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og fundargerð stjórnar SSH frá 25. október 2004.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að heilbrigðiseftirlitið gefi út M.Sc. ritgerð Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa, í umhverfisfræðum við Háskóla Íslands, um framkvæmd vatnsverndar og stjórnun vatnsauðlindar á höfuðborgarsvæðinu og dreifi til viðkomandi stofnana.

### **8.5 Sameiginlegir ársfundir Sorpu bs., Strætó bs., Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. og 28. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.**

Lögð fram fundargerð frá sameiginlegum ársfundi Sorpu bs., Strætó bs., Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. og 28. aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, þann 5. nóvember 2004. Gestur Pétursson og Guðmundur H. Einarsson sóttu fundinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Loftur Þór Pétursson

Andrés Pétursson

Árni Sverrisson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Richard Hansen

Sigurgeir Ólafsson